


# MI*one* - Ný kynslóð mjaltaþjóna

3 atriði sem færa þér lykilinn að bættum árangri

engineering for a better world

GEA Farm Technologies



Sem framleiðandi mjaltabúnaðar þurfum við ávallt að spyrja okkur að því hvað viðskiptavinir okkar vilja og hverjar þarfir gripanna eru. Sérfræðingar okkar um allan heim hafa áralanga reynslu og skilning daglegum störfum bænda og umönnun gripa þeirra. Jafnvel þó kröfur til mjaltaþjóna séu breytilegar frá einu landi til annars er hægt að koma á móts við þær með einni gerð mjaltaþjóna sem uppfyllir þessar kröfur.
ML*one* mjaltaþjónninn tryggir meiri áræðanleika, þægindi og afköst.



## safety ↳ *öryggi*

- í áframhaldandi tækniþróun búsins
- í áreiðanleika og endingu
- í júgurheilbrigði
- í hreinlæti við mjaltir
- í mjólkurgæðum
- í þjónustu
- fyrir búfénað og bændur

## comfort ↳ *þægindi*

- vegna styttri vinnutíma
- vegna sveigjanlegri vinnutíma
- fyrir bætta bústjórn
- vegna betri vinnuvistar
- vegna betri vinnuaðstöðu
- vegna betri loftræstingar í mjaltaþjóni
- vegna meiri þæginda fyrir fólk og fénað

## performance ↳ *afköst*

- fyrir frammistöðu mjaltabúnaðar
- aukna framleiðni
- fyrir meiri sjálfbærni
- fyrir meiri orkunýtni
- fyrir minni rýmisþörf
- fyrir meiri arðbærni
- fyrir meiri árangur bænda og kúa










MI ONE




- *Endingargóður*
- *Nærgætinn og snöggur*
- *Hreinlátur og þrautseigur*





## Skipulag til framtíðar

Athugaðu hvernig framtíðar fjárfesting þín í mjaltaþjóni stenst væntingar þínar.Ef þörf krefur getur þú bætt við MI*one* mjaltaþjóninn auka bás eftir því sem gripum fjölgar. Hönnunin á MI*one* mjaltaþjóninum býður upp á örugga og afkastamikla grunneiningu sem mætir þörfum þínum í dag og í framtíðinni. Þannig auðveldar MI*one* skipulagningu til framtíðar.






## Hreinlæti og júgurheilbrigði

Enginn bursti og engar aðgreindar formjaltir. Allt fer fram í einu þrepi. Þannig kemur MI*one* mjaltaþjónninn í veg fyrir kross-smit innan hjarðarinnar við mjaltir. Þar að auki getur hann  hreinsað spenahylkið eftir hverja kú og með aukabúnaði er einnig hægt að sótthreinsa það á skilvirkan hátt með perediksýru.





## Mjaltaferillinn

Kúnum líður vel í MI*one*  mjaltaþjóninum. Þegar hliðið að mjaltabásnum lokast hefjast mjaltir sem valda kúnni engri streitu. Ásetning, örvun, spenaþvottur, þurrkun, formjaltir og mjaltir, allt þar til hvert spenahylki er tekið af. Í stuttu máli fer allur mjaltaferillinn fram með einni ásetningu.



***Mjaltaferill:***



*ásetning*



*örvun*



*þvottur*



*þurrkun*



*formjaltir*



*mjaltir*

## Eins margir skynjarar og þörf er á

Fyrstu merki þess að heilbrigði kýrinnar sé í hættu má greina í mjólkurrennslinu. Með nákvæmum skynjurum greinir MI*one* mjaltaþjónninn leiðni og lit í mjólkinni sem og mjólkurflæði og mjólkurmagn sérhvers grips.

## Léttur, sterkur og hreinn

Sérstök samsetning mjaltakrossins gerir hann léttan og sérstaklega sterkan. Hlífin er gerð úr teygjanlegu plasti sem ver gegn skít og gerir kúnum erfiðara að sparka af sér. Mjaltakrossinn er einnig þannig hannaður að spenahylkin geta ekki fallið í gólfið og dregið upp skít og óhreinindi. Þetta tryggir hámarks hreinlæti við mjaltirnar.



## Frábær kostur fyrir þægilegar mjaltir

Eftir ásetningu getur mjaltakrossinn færst til án þess að valda kúnni óþægindum. Spenahylkin eru gerð úr ryðfríu stáli og eru í kjörþyngd til að hámarka mjólkurflæði úr spenunum. Hægt er að velja úr mörgum tegundum af spenagúmmíi, ýmist úr silikoni eða gúmmí allt eftir því hvaða tegund fellur best að einstakri hjörð. Sérfræðingar GEA/Líflands veita gjarnan aðstoð við valið.



## GEA veitir bestu fáanlegu ráðgjöf frá byrjun

GEA hefur hlutina einfalda allt frá byrjun þar til mjaltaþjónninn byrjar að mjólka. Sérfræðingar frá GEA veita einstaklingsráðgjöf allt frá skipulagningu fjóssins þar til mjaltaþjónninn er settur upp og mjaltir eru hafnar.

Við veitum faglega þjónustu hvort sem er símleiðis eða með heimsókn þjónustuaðila allan sólarhringinn allt árið um kring!



## Við ráðum fram úr vandanum

Með fjarvinnslu geta sérfræðingar GEA tengt sig við tölvukerfi mjaltaþjónsins, greint mjaltaferilinn og jafnvel lokað fyrir eða opnað einstaka loka. Farm View stjórnkerfið, veitir notanda og söluaðila nýjustu upplýsingar um frammistöðu mjaltaþjónsins. Hugbúnaðurinn greinir breytingar á frammistöðu þjónsins nógu snemma til að grípa inn í áður en til vandamála kemur með tilheyrandi kostnaði. Þetta lækkar viðhaldskostnað og kemur í veg fyrir að mjaltaþjónninn verði óvirkur á meðan á viðgerð stendur.








- *Sveigjanlegur og dugmikill*
- *Hljóðlátur, þurr og þrifalegur*
- *Þægilegur og notendavænn*






***Gott aðgengi:***
*Nýja þvottakerfið (CIP)fyrir spenahylkin er staðsett þannig að það hindrar ekki aðgang að kúnni.*

## Veldu þína starfsstöð

Með því að fjárfesta í MI*one* mjaltaþóni hámarkar þú allar hliðar mjólkurframleiðslu og lágmarkar vinnuálag. Í samspili við vel skipulagt fjós og umferðarstjórn gripa í fjósinu gerir MI*one* mjaltaþjónninn þér kleift að tryggja velferð kúnna og hámarka mjaltaafköst í miðlægri stjórntölvu.

Hljóðlátt, þurrt og þrifalegt vinnuumhverfi virkar hvetjandi í daglegum störfum. Fullkomin yfirsýn, árangursríkir starfshættir og einföld meðhöndlun auðveldar alla umsjón og vinnu. Veldu þína starfsstöð, MI*one* mjaltaþjóninn, brautryðjandann í dugmiklum notendavænum búnaði sem tryggir þér frelsi í þínum störfum.

## Vinnuvist í fyrirrúmi

MI*one* mjaltaþjónninn er hannaður miðað við að þú sért með kýrnar í augnhæð. Öllum búnaði í mjaltaþjóninum er þannig fyrir komið að þú hafir ávallt greiðan aðgang að júgranu. Dematron skjárinn er ávalt í seilingarfjarlægð sem tryggir snöggt inngrip ef þörf þykir. Þannig er t.d.mjög auðvelt að stilla á handásetningu þegar kvígur eru vandar á mjaltir í þjóninum. Þetta auðveldar vinnu við mjaltaþjóninn.

## Betri yfirsýn

Stór snertiskjár sýnir alla starfsemi í þjóninum, innkomu í mjaltabásinn, mjaltir og hvert kýrin fer eftir að mjöltum lýkur í þjóninum. Þú færð allar mikilvægar upplýsingar nánast í rauntíma. Einnig er hægt að fá búnað sem sendir allar nauðsynlegar upplýsingar í farsíma.





***Mjaltir og meðhöndlun í forgrunni:***
*Stuttar boðleiðir og gönguleiðir bæði fyrir menn og gripi*





## Tryggir vellíðan

ML*one* mjaltaþjónninn tryggir kúnum streitulaust umhverfi. Hugbúnaðurinn í þjóninum stillir fóðurtrogið sjálfkrafa eftir stærð og lengd gripa. Þetta tryggir kúnum betri fótfestu, þægilegri stöðu og veitir þeim meira öryggi í mjöltum. Einnig verður ásetning fljótlegri og streita í lágmarki.



## Afslappað umhverfi

GEA mælir með flokkunarhliðum við mjaltaþjóninn. Kýrnar eru fljótar að tileinka sér ferilinn í aðferðafræði GEA: mjaltir, fóðrun, hvíld. Þannig þróast afslappað andrúmsloft í fjósinu sem felur í sér alla kosti streitulausrar umferðar gripanna og kjörfóðrunar.




*Hvort sem notuð eru flokkunarhlið eða frjáls aðgangur - veldu þér þá lausn sem hentar best umferð fyrir þína gripi.*

## Þín eigin starfsstöð

Þú kynnist hjörðinni þinni vel með DairyPlan C21 hugbúnaðinum. Auðskiljanleg gröf og listar veita þér fullkomnar upplýsingar um nyt, virkni, frjósemi og fóðurát allra einstakra gripa. Víðtækur vöktunarbúnaður og viðvörunarkerfi gera þér kleyft að fylgjast grannt með heilbrigði gripanna hvenær sem er.

## Auðveld yfirsýn yfir kýr sem þarfnast sérstakrar meðhöndlunar

Oft er því haldið fram að 20% af kúnum krefjist 80% af daglegri vinnu við hjörðina. Þrátt fyrir að hugtakið „kýr með sérþarfir" sé ekki okkar uppfinning þá höfum við fellt það inní okkar aðferðafræði. Okkar hugmynd af skipulagi með MI*one* mjaltaþjóni gerir þér ekki einungis kleift að annast hámjólka heilbrigðar kýr heldur einnig geldkýr,nýbærur, kvígur og lasburða gripi á jafn árangursríkan og farsælan hátt.





# performance

- *Fyrirferðarlítill*
- *Afkastamikill og sjálfbær*
- *Fremstur meðal jafningja*





## Skilvirkur

Hámarks skilvirkni og afköst nást með einni ásetningu fyrir örvun, þvott, þurrkun, formjaltir og mjaltir. Með stýrðri umferð í mjaltaþjóninn er tryggt að aðeins kýr á mjaltaskeiði eru mjólkaðar. Þetta þýðir að aðrar kýr hindra ekki aðgang að mjaltaþjóninum.





## Fremstur meðal jafningja þegar kemur að

Ef dæma skal mjaltaþjónaút frá afköstum þá er best að líta á framleiðni vinnuafls. GEA hefur í forgrunni fjölda vinnustunda fyrir hvert tonn af mjólk sem mjólkað er. Að þessu leiti stendur MI*one* mjaltaþjónninn upp úr. Hann tryggir að ekki fari tími í að sækja eða flokka kýr sem ekki hafa skilað sér í mjaltir. Með MI*one* mjaltaþjóni getur þú samræmt afköst og fjölda vinnustunda.






## Sparaðu í rekstrarkostnaði

Þú getur sparað byggingarkostnað vegna þess að hægt er að hafa allt 5 mjaltabása við hvern mjaltaþjón. Mörg tæknileg smáatriði gera MI*one* mjaltaþjóninn að brautryðjanda bæði í sjálfbærni og afköstum. Öflug afkastageta, ásetning í einu þrepi, orkusparandi sogdæla, miðstýrt afkastamikið vatnshitunarkerfi o.fl. tryggir litla orku- og vatnsnotkun auk lítillar notkunar á rekstrarvörum. Á þennan hátt lækkar rekstrarkostnaður. Hámarkaðu afkomuna með MI*one*.



*Frekari upplýsingar má finna í "MIone Guidebook" 9997-1963-000.*

*Okkar leiðarljós eru*

Gæði • Ástríða • Heiðarleiki • Ábyrgð • GEA-hugmyndafræði

GEA samsteypan er alþjóðlegt tæknifyrirtæki með starfstöðvar í yfir 50 löndum. Fyrirtækið sem var stofnað árið 1881 er leiðandi í þróun og nýsköpun á búnaði fyrir landbúnaðar- og matvælageirann. GEA samsteypan er skráð á hlutabréfamarkað samkvæmt STOXX® Europe 600 vísitölunni.

Lífland ehf

Brúarvogi 1-3, 104 Reykjavík | s: 540 1100 | lifland@lifland.is | www.lifland.is

PSC 1001050200 / 9502020199 / S+L: d&d / D: blö / 10. 2014 · Við áskiljum okkur allan rétt til breytinga á hönnun og útliti búnaðar!